



Reykjavík, 19 mars 2018

2018030008

3 2

Borgarráð  
Ráðhúsinu

101 Reykjavík

**Skíðasvæðið í Skálafelli - tilv. 18030063**

Á fundi borgarráðs 8. mars sl var vísað til ÍTR og samstarfsnefndar skíðasvæðanna eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Áslaugar Friðriksdóttur um útbætur á skíðasvæðinu í Skálafelli: "Lagt er til að hafin verði hugmyndavinna á því hvernig bæta megi úr skíðaaðstöðu í Skálafelli. Tilgangurinn væri jafnframt að kanna hvaða tækifæri eru til uppbyggingar á svæðinu til dæmis þjónustu við skíðafólk með tilheyrandi aðstöðu. Þá er svæðið ekki eins viðkvæmt og Bláfjallasvæðið hvað viðkemur vatnsvernd. Undirbúningur slíkrar vinnu þarf að vera unnin í samráði við hagsmunaaðila og meðal annars íþróttafélaga sem haldið hafa úti starfsemi á svæðinu undanfarin ár."

Fyrir liggja drög að framtíðarsýn á uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til ársins 2030. Drögin hafa verið kynnt í bæjarráðum aðildarfélaganna og voru kynnt í borgarráði 15. febrúar sl.

Á fundi stjórnar SSH 5. mars sl. var samþykkt erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæðanna skv. fsk. Unnið verður að þessu máli skv. erindisbæfi á næstu vikum og mánuðum



Ómar Einarsson.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins Erindisbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs

Fyrir liggja drög að framtíðarsýn á uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til ársins 2030. Þar eru settar fram tillögur að þeim aðgerðum sem ráðast þarf í vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæðanna í samræmi við þá sýn sem þar er dregin upp

Fyrir liggur að fara ítarlegar yfir þessar hugmyndir, greina þær betur og setja fram ígrundaða tillögu til sveitarfélaganna um markvissa áfangaskiptingu þar sem horft er til nauðsynlegrar forgangsröðunar verkefna, áætlaðrar fjárfestingar og áfangaskiptingar. Samhliða því þarf að ljúka vinnu við nýtt deiliskipulag skíðasvæðanna þar sem horft verður til þeirra uppbyggingar mannvirkja sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi tillögum um uppbyggingu og framtíðarrektur, þ.m.t. uppsetningu nauðsynlegs búnaðar til snjóframleiðslu og endurnýjun og endurbætur á lyftum.

Til að sinna ofangreindu skipar stjórn SSH, sem eigendavettvangur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, sérstakan verkefnishóp til að undirbúa næstu skref í máli. Hlutverk hópsins er að móta ítarlega tillögu að aðgerða- og framkvæmdaáætlun sem byggi á ofangreindum drögum að framtíðarsýn fyrir stjórn SSH sem leggja þarf fyrir sveitarfélögin til afgreiðslu vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir 2019 og gerð 3 ára áætlana. Samhliða skal hópurinn greina hvaða breytingar eru nauðsynlegar á núverandi samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna vegna framkvæmda og reksturs sem af tillögnum leiðir

Verkefnahópurinn skipa:

Sviðsstjóri ÍTR  
Framkvæmdastjóri skíðasvæðanna  
Sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar  
Fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar  
Framkvæmdastjóri SSH

Verkefni hópsins:

1. Samstarf við Kópavogsbæ vegna áframhaldandi vinnu deiliskipulag fyrir skíðasvæðin í Bláfjöllum og yfirferð á stöðu deiliskipulagsvinnu í Skálafelli
2. Gerð ítarlegrar framkvæmdaáætlunar og tillögu að forgangsröðun og áfangaskiptingu og mat á áhrifum á rekstur skíðasvæðanna. Í þeirri vinnu verði m.a. horft til nauðsynlegra mótvægisáðgerða v. vatsnverndar.
3. Gerð tillögu að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna í samræmi við niðurstöður í lið 1 og lið 2.

Heimilt er að kalla til utanaðkomandi ráðgjafa vegna ofangreindra verkefna eftir því sem þörf er á.

Hópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum sínum til stjórnar SSH í tveimur áföngum, annars vegar áfangaskýrslu fyrir lok maímánaðar, og fullmótuðum niðurstöðum eigi síðar en í lok águstmánaðar 2018.

Samþykkt á stjórnarfundum SSH 5 mars 2018.